

Kennsluáætlun í samverustund - Öryggi.

Viðfangsefnið/reglan: **Hafa hendur og fætur hjá sér.**

Til hvers ætlumst við af nemandanum? **Að börnin hafi hendur og fætur hjá sér og séu ekki að atast í næsta barni (pikka, pota, sparka).**

Af hverju er reglan mikilvæg: **Til þess að börnin séu ekki að trufla eða meiða aðra - til þess að koma í veg fyrir slys og árekstra á milli barnanna.**

Hvernig kennum við þessa hegðun?

- ♥ Með sýnikennslu: Með því að kennarinn leiðréttir ranga hegðun þegar hún kemur upp á hjá börnunum - hrósar fyrir rétta hegðun.
- ♥ Með myndum: Með því að hafa mynd af reglunni á viðeigandi stað (samveru) og minna á hana reglulega.

Listi yfir dæmi um rétta og ranga hegðun:

Rétt hegðun (+).

1. Kennarinn var að lesa sögu í samverustund. Krakkarnir sitja öll kyrr með hendur og fætur hjá sér. Samverustundin var skemmtileg og kennarinn gat klárað að lesa söguna.
2. Kennarinn var að syngja með krökkunum í samverustund. Krakkarnir sitja öll kyrr með hendur og fætur hjá sér. Samverustundin var skemmtileg því allir voru að syngja með.

Röng hegðun (-).

1. Kennarinn var að lesa sögu í samverustund. Jói sat ekki kyrr og potaði óvart í augað á stráknum sem sat við hliðina á honum. Kennarinn varð að hætta að lesa söguna til að hugga strákinn.
2. Allir voru saman í samverustund að syngja. Krakkarnir sem vildu syngja með og taka þátt, gátu það ekki því að sumir voru að trufla með því að vera að pikka og pota í aðra.

Gefum nemendunum færi á að æfa sig og fullkomna færni:

Hópastund og samverustund.

Handbrúðuleikrit: Brúðurnar heita Tikk og Takk brúðurnar sitja hlið við hlið í samverustund, önnur er svo að pikka í hina þá verður hin pirruð og pikkar á móti allt endar í háalofti. Stoppa og tala við börnin. Koma með spurningar erum við með hendur og fætur hjá okkur svona ??? hvernig eigum við að hafa hendur og fætur hjá okkur???(láta börnin sýna okkur).

Myndir Börnin æfa tvö og tvö saman - leyfa þeim að sýna sjálfum - minna á myndina
Bæði hópurinn og 1&1 barn - svo við sjálf líka.